

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síðuskóli

Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2015-2016 01.04. 2016 9. bréf

Kæru nemendur og foreldrar!

Nú er marsmánuður að baki og ekki er nú verra að sjá sólina hækka stöðugt á lofti. Í mánuðinum var mikið um að vera hjá okkur eins og endranær og má þar nefna vel heppnaðan útvistardag þar sem veðrið lék við okkur og við náðum að sigra Akureyrarriðilinn í Skólahreysti fjórða árið í röð og verður sú keppni sýnd á RUV miðvikudaginn 6. apríl. Þann sama dag verður lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk haldin í MA kl. 17.00. Sigrún Reem Abed og Arnar Logi Viðarsson verða fulltrúar okkar þar. Björn Smári Gunnarsson er varamaður.

Í þessum mánuði er þemadagur og ætlum við að tileinka hann góðverkum. Þá verður hefðbundin stundaskrá brotin upp og við vinnum í anda reglu mánaðarins.

Við höfum fengið niðurstöðurnar úr foreldrakönnun Skólalúpsins og einnig er hægt að skoða þær niðurstöður sem komnar eru úr nemendakönnuninni. Þessar niðurstöður má finna á heimasíðunni undir http://siduskoli.is/is/page/mat_a_skolastarfi.

Nú erum við farin að huga að næsta skólaári og er búið að senda skóladagatalið til samþykktar hjá skólanefndinni og munum við senda það út til ykkar um leið hún hefur lagt blessun sína yfir það. Einnig erum við farin að huga að niðurröðun kennara á bekki. Eins og staðan er í dag verður væntanlegur 1. bekkur fjölmennur hópur eða 49 nemendur en svipaður nemendafjöldi verður í skólanum næsta vetur eins og verið hefur á þessu skólaári, um 400 nemendur.

Með bestu kveðju úr skólanum!

Ólöf Inga

SPEKI DAGSINS:

Þekking er fjársjóður sem fylgir eiganda sínum hvert sem hann fer

Kínverskt spakmæli

Á döfinni í apríl:

2. apríl	Alþjóðlegur dagur einhverfu
6. apríl	Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk í MA
11. - 15. apríl	7. bekkur fer að Reykjum.
19. apríl	Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk
20. apríl	Úrslitakeppni í Skólahreysti í Laugardagshöll
21. apríl	Sumardagurinn fyrsti
26. apríl	Góðgerðadagur
27. - 29. apríl	4. bekkur fer á Kiðagil

Apríl er tileinkaður

Vinátta

Regla mánaðarins er

*„Við hjálpumst að og erum góð
hvert við annað“*

Þann 20. apríl n.k. mun hið frækna vinningslið Síðuskóla í Skólahreysti leggja land undir fót og halda til Reykjavíkur. Liðið tekur þátt í úrslitakeppninni sem fer fram í Laugardalshöllinni þar sem 12 lið keppa í beinni útsendingu á RUV. Við óskum krökkunum allra heilla.

ÁFRAM SÍÐUSKÓLI !



Fréttabréf Síðuskóla er sent í tölvupósti til nemenda/forráðamanna og starfsmanna skólans.

Tilkynning til allra nemenda

Skíldu afsakanirnar eftir við dýrnar.

Ef þú hefur ekki lokið heimavinnunni, **viður-**
kenndu það og **kláraðu** hana sem fyrst.

Ef þú skilur ekki verkefni, **biddu um hjálp.**

Ef þú lærðir ekki fyrir próf, settu þér **markmið** að
láta það ekki koma fyrir aftur.

Ef þú **kýst** að brjóta reglur skólans ertu að kjósa að taka
afleiðingunum.

Starfsfólk skólans er hér til að **kenna** þér, **hvetja** þig og
hjálpa þér að **þroskast.**

VIÐ SKULUM GERA OKKAR. Afgangurinn er
undir þér kominn.

Miðvikudaginn 16. mars var keppt í Skólahreysti í Íþróttahöllinni á Akureyri. Síðuskóli á titil að verja en skólinn hefur sigrað Akureyrarriðilinn síðustu þrjú ár. Skemmst er frá því segja Síðuskóli vann Akureyrarriðilinn með 47,5 stig sem er glæsilegur árangur. Keppendur voru Ágústa Dröfn Pétursdóttir, Hulda Karen Ingvarsdóttir, Guðni Jóhann Sveinsson og Ragúel Pinó Alexandersson. Varamenn voru Sævar Fylkisson og Embla Dögg Sævarsdóttir. Óskum þessum flottu fulltrúum skólans innilega til hamingju. Myndin hér til hliðar sýnir vel stemmninguna sem var í Íþróttahöllinni er undankeppnini fór fram.



Í morgun voru afhent verðlaun fyrir hina árlegu lestrarkeppni 4. og 5. bekkjar. Markmiðið með keppninni var að auka leshraða og lesskilning nemenda og að sem flestir nemendur læsu sér til ánægju, þ.e. að þeir lærðu að meta „yndislestur“. Tveir nemendur í hverjum bekk fengu bókaverðlaun, þ.e. sá sem las flestar blaðsíður og sá sem sýndi mestar framfarir. Einnig var keppni um það hvor árgangurinn læsi fleiri blaðsíður en þau verðlaun fóru til 4. bekkjar en alls lásu nemendur rúmar 10 þúsund bls. Nemendur lásu á hverjum degi í skólanum og einnig var lesið af kappi heima. Meðfylgjandi mynd er af 4. bekk sem vann keppnina um flestar lesnar blaðsíður, en allir stóðu sig vel og sumir sýnda miklar framfarir á þeim tíma sem keppnin tók.



Dagur stærðfræðinnar

Alþjóðlegur dagur stærfræðinnar var 8. febrúar sl. Við í Síðuskóla höldum upp á hann. Það gerðum við með því að brjóta upp kennsluna í unglingastigi, bekkjunum var skipt upp í hópa sem unnu hin ýmsu verkefni tengd stærðfræði. Alls voru unnin 25 verkefni sem voru jafnfjölbreytt og þau voru mörg. Í lokin voru úrslitin kynnt á sal og fékk hópurinn sem vann viðurkenningu og við það tækifæri var þessi mynd tekin.



MATSEÐILL - apríl 2016

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
				1. Krebinettur, kartöflur, gr. baunir, st. laukur
4. Fiskur, rúgbrauð, ávextir	5. Lasagna, snittubrauð, grænmeti	6. Fiskibuff, kartöflur, grænmeti, st. laukur	7. Pönnukökur m/kjúklingi, salsasósa Val nemenda	8. Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð
11. Hakk, spaghetty, snittu- brauð. 7. bekkur á Reykjum	12. Fiskibollur, kartöflur, grænmeti, lauksósa ávextir	13. Svínasnitzel, st. kartöflur, gr. baunir, grænmeti, st. laukur	14. Fiskur í ofni, kartöflur, salatbar	15. Súpa, brauð, ávextir
18. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð, ávextir	19. Hakkað buff, kartöflur, rauðkál, grænmeti, sósa	20. Kjúklingur, maisbaunir, hrísgrjón, sósa	21. Sumardagurinn fyrsti	22. Skyr, smurt brauð, ávextir
25. Fiskur í raspi, kartöflur, grænmeti, st. laukur Ávextir	26. Steiktar kjötbollur, kartöflur, gr. baunir, rauðkál, sósa Góðgerðadagur	27. Heilhveitisteikur fiskur, kartöflur, ferskt grænmeti, laukur, sveppir	28. Pottréttur, hrísgrjón, snittu- brauð	29. Píta m/hakki, grænmeti, sósa